


Skólar á grænni grein

Leikskólinn Ylur

Drög að áætlun 2020 – 2022



Leikskólinn Ylur

Mývatnssveit

Sjálfbærni • Lýðræði • Jafnrétti • Heilbrigði og velferð • Læsi • Sköpun

Efnisyfirlit

Markmið.....	3
Tímaáætlun	3
Þemu	3
Áttthagar og landslag.....	4
Neysla og úrgangur	4
Náttúruvernd og vistheimt.....	4
Loftslagsbreytingar og samgöngur.....	5
Orka og vatn	5
Hnattrænt jafnvægi.....	6
Lífþreypileiki.....	6
Umhverfissáttmáli.....	7

Markmið

1. Hætta notkun pappírspurrka fyrir lok árs 2021.
2. Mynda nýja innkaupastefnu fyrir lok árs 2021 þar sem áhersla verði gerð á umhverfisvænni vörur og nýtingu alls efnis til fullnustu.
3. Föt verði einungis send heim í taupokum frá og með árinu 2021 til að minnka notkun á plastpokum innan skólans.
4. Útikennslusvæði verði komið í notkun fyrir lok árs 2021

Tímaáætlun

Tímalína	Verkþættir
<i>Mái – ágúst '20</i>	Skrefin 7
<i>September – október '20</i>	Átthagar og landslag
<i>Nóvember – janúar '20</i>	Neysla og úrgangur
<i>Febrúar – apríl '21</i>	Náttúruvernd og vistheimt
<i>Mái – ágúst '21</i>	Loftslagsbreytingar og samgöngur
<i>September – nóvember '21</i>	Orka og vatn
<i>Desember '21 – febrúar '22</i>	Hnattrænt jafnvægi
<i>Mars – maí '22</i>	Lífbreytileiki
<i>Júní – ágúst '22</i>	Lýðheilsa
<i>Ágúst '22</i>	Klára lokaskýrslu
<i>September '22</i>	Skila inn umsókn um Grænfánann
<i>September – október '22</i>	Úttekt fer fram

Þemu

Þemun tryggja það að farið sé dýpra í saumana á tilteknu málefni, þau sett í samhengi og fá aukna merkingu í augum barnanna. Þegar einu þema lýkur og byrjað er að vinna í öðru er haldinn Grænfána fundur með öllum innan leikskólans, börnum og starfsfólki saman þar sem hugmyndir þeirra fá að njóta sín og þar með lýðræði innana veggja skólans.

Átthagar og landslag

Unnið með efnivið úr nærumhverfinu til að byggja upp þekkingu barnanna á umhverfinu sem þau lifa og þrífast í. Mikil áhersla lögð á árstíðirnar og breytingar í náttúrunni. Börnin kynnast því betur hvar heimilin þeirra eru og hve nálægt eða fjarri þau eru búsett frá samnemendum sínum.

Kennslumarkmið

- ✓ Að börnin þekkji heimilisfang sitt og nærumhverfi
- ✓ Að börnin fylgist með árstíðarbreytingum haustsins
- ✓ Að sækja ýmsan efnivið til föndurs í náttúruna á borð við ber, laufblöð og köngla
- ✓ Að börnin kynnist nærumhverfi sínu enn betur
- ✓ Að kynna fyrir börnunum algengustu örnefni sveitarinnar á borð við helstu fjallaheitin

Neysla og úrgangur

Úrgangur er ein stærsta umhverfisáskorun heimsins og með þemanu munu börnin öðlast skilning á flokkun, betri nýtingu hluta og hugtakinu sóun.

Kennslumarkmið:

- ✓ Að börnin fái að kynnast uppruna ýmissa vara og matvæla í þeirra daglega lífi
- ✓ Að börnin fái tækifæri að skapa list úr „rusli“ í þar til gerðri listasmiðju
- ✓ Að börnin fái að kynnast moltu verkefni skólanna og fái að fylgjast með ferlinu
- ✓ Að börnin læri um matarsóun og minnki hana með markvissum aðgerðum

Náttúruvernd og vistheimt

Í þemanu verður farið yfir mikilvægi verndunar náttúruvænna, landslags og lífbreytileika.

Kennslumarkmið:

- ✓ Að börnin kannist við hugtakið þjóðgarður
- ✓ Að börnin taki flag í fóstur (Lífbreytileiki)
- ✓ Að fræða börnin um ljóð og þjóðsögur sem tengjast náttúrulegum svæðum í nærumhverfinu

Loftslagsbreytingar og samgöngur

Nemendur verða fræddir um loftslagsbreytingar af mannavöldum og afleiðingar þeirra. Farið verður vel yfir hugtakið kolefnisspor og munu börnin læra að tengja það við athafnir í daglegu lífi þeirra. Hvatt verður til ómengandi samgönguhátta og börnin frædd um mikilvægi þess að minnka gróðurhúsalofttegundir í lofthjúpnunum og að lifa á sjálfbærari máta.

Kennslumarkmið:

- ✓ Að hafa umræður um loftslagsbreytingar og auka skilning barnanna á hugtakinu
- ✓ Að börnin læri hluta þeirra áhrifa sem loftslagsbreytingar hafa í för með sér
- ✓ Gera samgöngukönnun í skólanum og finna leiðir til að auka hlut samgangna með minna kolefnisspor
- ✓ Halda plöntunardag með nemendum og fjölskyldum þeirra

Orka og vatn

Í þemanu orka og vatn eru börnin frædd um hringrás vatns á jörðinni og hlutverk orkunnar í daglegu lífi manna. Þau fræðast um tengingu orku og vatns og hvernig þessir tveir þættir eru undirstaða lífs á jörðinni. Hægt verður þá að skoða daglega neyslu orku og vatns og uppsprettu þeirra auðlinda. Nemendur verða fræddir um sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda í verki.

Kennslumarkmið:

- ✓ Að kynna börnin fyrir uppruna orkunnar og skoða í hvað hún er notuð
- ✓ Að kenna börnunum um jarðvarma og mikilvægi orku hans
- ✓ Að vinna verkefni tengt hringrás vatns
- ✓ Að kenna börnunum um mismunandi birtingaform vatns

Hnattrænt jafnvægi

Í þemanu hnattrænt jafnvægi munu börnin fræðast um jafnrétti og hverjar grunnþarfir þarf að uppfylla til að tryggja það jafnrétti allra jarðarbúa. Farið verður yfir misskiptingu auðlinda milli jarðarbúa og mun lífsgæða eftir búsetu og öðrum aðstæðum fólks. Þemað hvetur til hófstílltrar neyslu.

Kennslumarkmið:

- ✓ Að kynna ólíka menningarheima fyrir börnunum
- ✓ Að börnin nái að skilgreina hvað er lífsnauðslynleg og hver eru umfram lífsgæði í lífi þeirra – hvað er nauðsynleg og hverju er hægt að sleppa eða minnka?
- ✓ Að kynna börnin fyrir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Lífbreytileiki

Í þemanu eru börnin kynnt fyrir fjölbreytileika erfðaefnis, lífvera og lífsamfélaga hér á jörðu. Fræðslan mun snúa að mikilvægi hvernar og einnar lífveru og samspil þeirra í vistkerfum jarðarinnar, með áherlsu á vistkerfi Íslands.

Kennslumarkmið:

- ✓ Að börnin taki flag í fóstur (Náttúruvernd og vistheimt)
- ✓ Að börnin fá að taka þátt í að gefa fuglunum korn (gert að vetri)
- ✓ Að börnin fari markvisst í vettvangsferðir og kanna dýra og plöntulíf
- ✓ Að börnin fræðist um fæðukeðjur dýraríkisins

Umhverfissáttmáli

Umhverfissáttmáli leikskólans Yls var saminn og undirritaður á krakkaþingi nemenda 5. nóvember síðastliðinn og hangir nú undirritaður í forstofu skólans.

Umhverfissáttmálinn okkar - Leikskólinn Ylur -

Í leikskólanum Yl lofum við að bera virðingu fyrir náttúrunni og vernda hana. Við flokkum rusl og nýtum hluti eins mikið og við getum. Við lærum úti sem inni og fræðumst um umhverfismál.

Menga minna flokka meira – látum í okkur heyra!